



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/266**  
**komudagur 31.10.2012**

Reykjavík, 31. október 2012

### **Efni: Umsögn um frumvarp til nýrra umferðarlaga, þskj. 180 - 179. mál**

Samtök atvinnulífsins, SVP - Samtök verslunar- og þjónustu, Samtök iðnaðarins og Samtök ferðaþjónustunnar hafa fengið til umsagnar frumvarp til umferðarlaga. Samtökin harna að lítið tillit hafi verið tekið til fyrri umsagnar samtakanna um sama frumvarp, dagsett 11. mars 2011 og leggja ríka áherslu á að sú umsögn er enn í fullu gildi.

### **Stjórnvaldssektir Vegagerðar - réttaröryggi launamanna verður skert**

Samtökin leggja áherslu á það sem fram hefur komið í fyrri umsögn og hafna alfarið þeim breytingum sem felast í því að Vegagerðinni, sem er eftirlitsstofnun verði jafnframt veitt vald til að leggja á stjórnvaldssektir vegna ýmissa brota ökumanna sem aka ökutækjum sem eru meira en 3,5 tonn að heildarþyngd sbr. 1.-4. tl. 92. gr. frumvarpsins. Í raun er verið með þessum tilhöfum að skerða réttaröryggi borgaranna, ökumanna, sem flestir eru launamenn í stéttarfélagum og vinna við akstur hjá flutninga- og hópferðafyrirtækjum. Rannsókn nokkurra brotaflokka skv. umferðarlögum er með tillögnum tekin úr höndum lögreglu, sem ákvarðar í dag hvort tilefni sé til saksóknar eftir að hafa rannsakað mál eftir kærú Vegagerðarinnar. Athygli vekur að skv. frumvarpinu eiga þessar nýju stjórnvaldssektir að renna í sjóði Vegagerðarinnar en ekki í ríkissjóð. Ekki kemur fram í frumvarpinu hver eigi að annast innheimtu sektanna eða hver kostnaður verði við eftirlit, álagningu og innheimtu. Fjarlagaskrifstofa fjármálaráðuneytis gerir alvarlegar athugasemdir við þessar tillögur í umsögn sinni aftast í frumvarpinu og raunar mun fleiri athugasemdir við frumvarpið í heild. Verið er að flytja verkefni frá lögregluembættum til Vegagerðarinnar í Reykjavík og raunar einnig sektarfé, því sektarfé rennur í dag óskipt í ríkissjóð en ekki í sjóði opinberra eftirlitsstofnana. Ekki eru til nein fordæmi um að önnur atvinnugrein sé bundin slíkum hömlum að starfsmenn eigi á hættu að missa réttindi sín við að fara þrisvar yfir lögboðinn hvíldartíma þess vegna er enn brýnna að réttaröryggi einstaklinga sé ekki skert með þessum tillögum.

Í athugasemdum með 51. gr. frumvarpsins er vísað til reglugerðar 662/2006 sem var felld úr gildi með reglugerð nr. 605/2010.

### **Hlutlæg ábyrgð eiganda ökutækja - atvinnulífið á ekki að greiða sektir brotamanna.**

Samtökin leggja einnig áherslu á það sem fram kom í fyrri umsögn um 94 gr. laganna, að eigendur bifreiða séu ekki gerðir ábyrgir fyrir hraðasektum sem ekki varða punktum. Þetta heimildarákvæði á ásér enga hliðstæðu í íslensku réttarfari. Ákvæðið styður á engan hátt við meginmarkmið frumvarpsins að vernda líf og heilsu vegfarenda. Þær aðstæður að ökumaður

er ekki jafnframt eigandi ökutækis eru mjög algengar í íslensku þjóðlífi. Sem dæmi má nefna ökumenn bílaleigubíla, sem oft eru útlendingar og alla þá fjölmörgu starfsmenn sem aka stórum sem smáum atvinnubílum o.fl.


### Endurmenntun atvinnubílstjóra

Í 9. mgr. 55. gr. frumvarpsins segir að atvinnubílstjórar skulu sæta endurmenntun samkvæmt Evróputilskipun 2003/59 /EB. Í því samhengi benda samtökin á að í úrskurði samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytis í ársbyrjun 2011 taldi ráðuneytið að samkvæmt 75. gr. stjórnarskrárinnar mætti aðeins setja atvinnufrelsi skorður ef almannahagsmunir krefðust þess og ávallt þyrfti lagaboð til. Umræddur úrskurður skar því eingöngu úr um það álitaefni að kveða þyrfti á um skyldu til endurmenntunar í lögum. Með 55 gr. frumvarpsins er aftur á móti verið að stíga það skref að takmarka atvinnufrelsi sem verndað er af framangreindu ákvæði stjórnarskrárinnar og hafa samtökin harðlega mótmælt þeirri framkvæmd enda hefur ráðuneytið ekki sýnt fram á að almannahagsmunir krefðust þess að heilli stétt sé gert að lúta slíkum íþyngjandi skilyrðum sem og takmörkun á atvinnufrelsi þessara aðila. Í ljósi þessa leggja samtökin ríka áherslu á að leitað verði leiða til þess að tilskipunin verði innleidd hér á landi með eins einföldum hætti og kostur er. Þá er mikilvægt að innleiðing á tilskipuninni verði ekki íþyngjandi gagnvart íslensku atvinnulífi, þ.m.t. atvinnubílstjóra sem starfa hér á landi, m.a. með tilliti til kostnaðar, skipulags og tilhögunar náms.

Samtökin fara fram á að eiga fund með samgöngunefnd til að fara betur yfir ofangreind atriði ásamt því sem fram kom í fyrri umsögn.

Virðingarfyllt,

F.h. Samtaka atvinnulífsins



Jón Rúnar Pálsson

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Gunnar Valur Sveinsson

F.h. Samtaka iðnaðarins



Árni Jóhannsson

F.h. SVP - Samtaka verslunar og þjónustu



Lísbet Einarsdóttir